

## Fyrirspurn

til innviðaráðherra um flugstöð innanlandsflugs á Reykjavíkflugvelli.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

1. Hver er eigandi að flugstöð innanlandsflugs á Reykjavíkflugvelli?
2. Hverjir eru leigutakar í flugstöðinni? Óskað er upplýsinga um það hvenær leigusamningar voru gerðir og til hversu langs tíma þeir eru. Jafnframt er óskað upplýsinga um leiguverð samninganna í heild og umreiknað á fermetra.
3. Hver var kostnaður við malarstæði sem í upphafi var ætlað til bráðabirgða við flugstöðina og hver stóð straum af honum? Eru áformaðar frekari framkvæmdir við bílastæði á svæðinu?
4. Hvenær stendur til að taka upp gjaldskyldu á bílastæðum við flugstöðina?
5. Hvert munu tekjur af bílastæðagjöldum og sektum renna?

Skriflegt svar óskast.